

Ed.

174. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um friðun æðarfugls.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrir »50—100« komi: 10.
2. — 1. — Aftan við greinina bætist: alt að 400 kr.
3. — 1. — Ennfremur ný málsgrein svohljóðandi: Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.
4. — 3. -- Orðið »hirða« falli burtu.
5. — 3. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein svolátandi:
Nú finnst dauður æðarfugl í vörslum manns og skal hann þá færa sönnur á, að hann hafi ekki drepið fuglinn eða verið valdur að dauða hans, svo að honum verði gefin sök á, ella sektist hann samkvæmt 4. gr.
6. — 4. — Fyrir »25—50« komi: 5.
7. -- 4. — Fyrir »samkvæmt 1. gr.« komi: við hverja ítrekun brotsins alt að 200 krónum.

8. Við 5. — Fyrir »júlímánaðarloka« komi: 15. júlí.
9. — 5. — Fyrir »4 km.« komi: 2 km.
10. — 6. — Fyrir »1. apríl til júlímánaðarloka« komi: 15. apríl til 15. júní.
11. — 6. — Á eftir orðinu »en« í niðurlagi greinarinnar komi: svo að $\frac{1}{4}$ km. sje þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grynna hálsi netanna að stórstraumsfjörumáli.
12. — 7. — Fyrir »10—25« komi: 5—15.
13. — 9. — Síðari málsgrein greinarinnar orðist þannig:
Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi, og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landsjóð.